

Ískrá skráir bólusetningastöðu nemenda, þ.e. merkir ‚FULLNÆGJANDI‘ eða ‚ÓFULLNÆGJANDI‘ hjá þeim nemendum sem eru með óskráða bólusetningastöðu.

Skólahjúkrunarfræðingar þurfa hins vegar að merkja ‚HAFNAÐ‘ eða ‚HAFNAÐ AÐ HLUTA‘ hjá þeim nemendum þar forráðamenn hafa óskað eftir því. Í þeim tilfellum þarf einnig að skrá höfnun á viðkomandi bólusetningu og skrá samskipti.

FULLNÆGJANDI

- Ískrá merkir nemanda ‚FULLNÆGJANDI‘ ef hann hefur fengið allar bólusetningar miðað við aldur skv. fyrirmælum embætti Landlæknis.

ÓFULLNÆGJANDI

- Nemandi merkist ‚ÓFULLNÆGJANDI‘ ef einhverja bólusetningu vantar. Hins vegar getur nemandi verið fullnægjandi bólusettur en Ískrá merkt hann ófullnægjandi. Það á við í eftirfarandi tilfellum:

1) Nemendur með eina NeisVac-C

Ískrá merkir nemanda með eina NeisVac-C alltaf ófullnægjandi. Skólahj.fr. þarf að skoða hvað nemandinn var gamall þegar hann fékk NeisVac-ið og breyta stöðunni eins og við á.

- **Ef nemandinn var ≥ 12 mánaða þegar hann fékk þessa einu NeisVac-C þá telst hann fullnægjandi bólusettur gegn MCC.**
- **Ef nemandinn var ≤ 12 mánaða þegar hann fékk þessa einu NeisVac-C þá telst hann ófullnægjandi gegn MCC og þarf aðra NeisVac-C sama hversu gamall hann er.**

2) Nemendur með þrjár eða færri dTap+IPV

Ískrá leitar eftir fjórum dTap+IPV (Barnaveiki, stífkrampi, kikhósti + mænusótt). Hins vegar nægja þrjár EF nemandinn fékk eina þeirra þegar hann var 4 ára eða eldri.

Dæmi:

- a) Nemandi sem fékk 2 dTap+IPV ≤ 12 mánaða og svo 1 **Boostrix Polio** 4-5 ára telst ‚Fullnægjandi‘.
- b) Nemandi sem fékk 2 dTap+IPV ≤ 12 mánaða og svo **Boostrix** 4-5 ára telst ‚Ófullnægjandi‘ þar sem hann vantar Polio skammt. Sá nemandi þarf því annað hvort að fá Imovax eða Boostrix Polio til að teljast fullnægjandi!
- c) Nemandi sem fékk 3 dTap+IPV ≤ 12 mánaða og hefur ekki fengið síðan telst ‚Ófullnægjandi‘.

3) Nemendur með eina MMR

Hjá nemendum í 8-10. bekk leitar Ískrá af tveimur MMR, hins vegar nægir ein MMR EF nemandinn var orðinn 12 ára þegar hann fékk MMR bólusetninguna.